

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 frá 19. júlí 2000 um framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2001⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1897/2000 frá 7. september 2000 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu að því er varðar hagnýta skilgreiningu á atvinnuleysi⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 18a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98) í XXI. viðauka við samninginn:

„18aa. **32000 R 1575:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 frá 19. júlí 2000 um framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2001 (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 16).

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 165, 21.6.2001, bls. 63 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 228, 8.9.2000, bls. 18.

18ab. **32000 R 1897:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1897/2000 frá 7. september 2000 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnnumarkaðskönnunar í bandalaginu að því er varðar hagnýta skilgreiningu á atvinnuleysi (Stjtið. EB L 228, 8.9.2000, bls. 18).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 og 1897/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

